

# Reglur

106  
25. ágúst

## um skoðun við afhending kirkjujarða í hendur hreppstjórum.

### 1.

Þá er hreppstjóri tekur við kirkjujörðum samkvæmt því, sem segir í lögum um laun sóknarpresta 16. nóvbr. 1907, skal hann svo fljótt sem því verður við komið fara heim á hverja kirkjujörð, sem hann á við að taka, að tilkvöddum þeim prest, er jörðunni skilar, eða manni fyrir prestsins hönd eða bús hans.

### 2.

Hreppstjóri skal hafa bók, er honum verður fengin í hendur og útveguð er á kostnað landsjóðs, og skal hann rita í hana alla skoðunargjörðina og álit um það, hvernig jörðin er setin. Þá er skoðun er lokið á hverri jörð, skal hreppstjóri og prestur eða umboðsmaður prests eða bús hans undirskrifa skoðunargjörðina.

### 3.

Í skoðunargjörðinni skal getið nafns jarðarinnar og dýrleika, nafns ábúanda, eða nafna, ef fleirbýli er, að því tilgreindu, hvernig jörðunni er þá skift þeirra á milli. Svo skal og sagt, hve lengi ábúandinn hafi setið á jörðunni.

### 4.

Þá skal athugaður leigumáli, hver sje landskuld, og hverjar leigur, í hverju goldið, hver jarðabótakvöð eða önnur kvöð hvili á ábúanda, og skal jafnframt rannsaka, hvort ábúandi er líklegur til að hirða vel jörðina framvegis, standa í skilum með afgjald hennar og halda við innstæðukúgildum. Loks skal getið dagsetningar byggingarbrjefs.

### 5.

Skoða skal jarðarhús og lýsa; sama er um önnur mannvirki, er jörðunni fylgja, svo sem túngarða, vörslugarða, matjurtagarða, fjenaðarrjettir, heygarða, stíflugarða og annað þesskonar, rannsaka skal, hvort innstæðukúgildi eru til, og ef ástæða þykir til, skoða tún, engi, haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Skal bera saman mannvirki og meðferð jarðar við það, sem um þetta er sagt við síðustu úttekt og láta þess getið, ef breyting hefir á orðið síðan.

### 6.

Nú verður hreppstjóri og afhendandi eigi ásáttir um skoðunargjörðina, og er þá hvorum um sig rjett að gera í skoðanabókina þær athugasemdir við skoðunargjörð, sem honum þykir við eiga.

## 106

25. ágúst

Ef hreppstjóri kemst við skoðunina að þeirri niðurstöðu, að ábúanda sje eigi trúandi fyrir jörðunni framvegis, þá skal hann tafarlaust skýra sýslumanni frá því, er svo kveður á um það, hvort byggja skuli ábúanda út af jörðunni.

## 8.

Rjett á afhendandi á að taka eða láta taka endurrit af skoðunargjörð hverri, en hreppstjóri skal senda sýslumanni áleiðis til stjórnarráðsins endurrit af öllum skoðunargjörðunum.

Þetta tilkynnist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 25. ágúst 1908.

**H. Hafstein.**

*Jón Magnússon.*

## 107

27. ágúst

## Reglugjörð fyrir lagaskólann.

## 1. gr.

Tilgangur lagaskólans er sá að fræða svo þá, sem skólann sækja, að þeir geti gegnt embættum þeim og öðrum störfum, sem lagakunnátta útheimtist til, eftir lögum landsins.

## 2. gr.

Forstöðumaður lagaskólans hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón stjórnarráðsins.

## 3. gr.

Þeir, sem komast vilja í lagaskólann, verða að hafa lokið stúdentsprófi í hinum almenna mentaskóla landsins. Þó getur stjórnarráðið heimilað þeim inntöku í skólann, er leyst hafa af hendi burtfararpróf úr öðrum skólum í Danaveldi, er jafngilda mentaskólanum.

Um inntöku í skólann skal sækja brjeflega til forstöðumanns, mánuði á undan skólasetningu.

## 4. gr.

Stjórnarráðið úthlutar námsstyrk þeim og húsaleigustyrk, sem lagaskólann er lagður úr landsjóði, að fengnum tillögum forstöðumanns.